

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2021

Varðar: Tillögu að starfsleyfi Benchmark Genetics Iceland hf. fyrir landeldi á laxeldi í eldisstöð að Vogavík í Vogum í Reykjanesbæ

Vísað er til auglýsingar 8. nóvember 2021 þar sem frestur til að gera athugasemdir við ofangreinda tillögu var veittur til og með 7. desember 2021. Umbjóðendur mínir, Ólafur Þór Jónsson, Selma Jónsdóttir, Sæmundur Egilsson, Særún Jónsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Klemenz Egilsson, Guðrún Egilsdóttir og Reykjaprent ehf., 8 af 9 eigendum Heiðarlands Vogajarða, fnr. 2333106, óska þess að koma eftirfarandi athugasemdum við tillöguna á framfæri.

Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi og forsendur hennar

Til þess að Umhverfisstofnun geti lagt lögættan grundvöll að mati á umsókn um leyfi til mengandi atvinnustarfsemi á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þurfa að liggja fyrir stofnuninni fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, þ.m.t. réttar og fullnægjandi upplýsingar um endanlega gerð og útbúnað þeirra mannvirkja þar sem starfsemin mun fara fram.

Hin auglýsta tillaga lýtur samkvæmt efni sínu að starfsemi sem áformað er að fram fari í mannvirkjum sem hvorki verður ráðið að byggð hafi verið né leyfi veitt til. Í fyrirbyggjandi skýrslu umsækjanda um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar kemur fram að byggt verði hrognahús, seiðaeldisstöð og skrifstofuhúsnæði auk þess sem lagður verði aðkomuvegur að húsunum. Þá sé fyrirhugað að bora tvær borholur til viðbótar þeim sem fyrir eru.

Af þeim gögnum sem fylgdu hinni auglýstu tillögu verður ekki ráðið að fyrir liggja leyfi til þessara byggingarframkvæmda eða að þær hafi farið fram. Í samræmi við það liggur ekki fyrir staðfesting á því hvernig þessi mannvirki muni nánar tiltekið verða úr garði gerð, þ.m.t. hvernig búnaði þeirra verður háttað varðandi frárennsli o.fl., ef þau munu á annað borð rísa. Hið sama gildir um framkvæmdaleyfisályndar framkvæmdir sem lýst er í matsskýrslu og í umsókn um starfsleyfi. Ekki verður heldur ráðið af umsókninni að leyfi til þeirrar auknu nýtingar á grunnvatni sem þar er lýst hafi verið veitt. Athygli er vakin á eftirfarandi í því sambandi.

Í fyrsta lagi að ekki verður séð að sú breyting á deiliskipulagi lóðarinnar sem samþykkt var af skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Voga 21. júlí 2020 og staðfest af bæjarstjórn sveitarfélagsins 26. ágúst sama ár hafi verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Þessa breytingu er heldur ekki að finna í gagnagrunni Skipulagsstofnunar yfir gildandi skipulag. Í álitum Skipulagsstofnunar 10. maí 2021 á matsskýrslu umsækjanda er tekið fram að deiliskipulagslýsing hafi borist stofnuninni en að staðfest skipulag þurfi að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Ekki verður séð að þetta skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis sé uppfyllt.

Í öðru lagi að ekki verður ráðið hvers efnis þau byggingaráform um byggingu hrognahúss, starfsmannaaðstöðu og vatnshúss sem byggingarfullrúi sveitarfélagsins samþykkti 23. apríl 2021 séu nánar tiltekið né hvort og þá hvort þau samrýmist fyrirbyggjandi umsókn um starfsleyfi. Þá verður ekki ráðið hvort veitt hafa verið framkvæmdaleyfi til annarra þeirra framkvæmda sem lýst er í umsókn um starfsleyfi og þá hvort þau samrýmast umsókninni.

Í þriðja lagi að ekki verður ráðið að Orkustofnun hafi veitt umsækjanda nýtingarleyfi til fyrirhugaðar grunnvatnsnýtingar á grundvelli laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Raunar verður ekki séð að umsækjandi hafi fengið slíkt leyfi til þeirrar nýtingar sem þegar fer fram.

Þótt hagfelld geti verið frá sjónarhóli umsækjanda að leggja fram umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar samhliða umsóknum um önnur nauðsynleg opinber leyfi verður að ganga út frá því að veitingu slíkra leyfa, og eftir atvikum framkvæmdir á grundvelli þeirra, þurfi við afgreiðslu umsóknar á þessum lagagrundvelli að vera lokið eða komnar á það stig að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um það hvernig umgjörð starfseminnar verði raunverulega háttáð þegar hin leyfisskylda starfsemi getur hafist.

Af þeim gögnum sem fylgdu hinni auglýstu tillögu, og öðrum gögnum sem umbjóðendur mínir hafa getað aflað sér, er ekki unnt að ráða að framangreint skilyrði sé uppfyllt. Ekki er því að sjá að fyrir Umhverfisstofnun liggi fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi og forsendur hennar.

Tekið skal fram að lokum í þessu sambandi að með fyrirbyggjandi umsókn um starfsleyfi virðist ætlunin sú að slá tvær flugur í einu höggi með því annars vegar að fá áframhaldandi leyfi til þeirrar starfsemi sem fyrir er og hins vegar að tryggja um leið leyfi til fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar, án þess þó að lagður hafi verið grundvöllur að aukinni framleiðslu enn sem komið er með öflun tilskilinna leyfa og framkvæmda á grundvelli þeirra. Hin auglýsta tillaga virðist hvað síðarnefnda atriðið varðar vera ótímabær, enda engar forsendur fyrir hendi á þessu stigi málsins til að leggja mat á þennan þátt starfseminnar. Í öllu falli verður ekki séð að afgreiðsla þessa hluta umsóknarinnar geti verið tímabær, enda liggja fullnægjandi upplýsingar um hana, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, ekki fyrir á þessu stigi.

Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar

Auk framangreinds og án tillits til þess verður ekki séð að fram hafi farið fullnægjandi mat á umhverfisáhrifum aukinnar grunnvatnsnýtingar sem fyrirhuguð starfsemi byggist á, hvorki með tilliti til áhrifa á núverandi vatnsból sveitarfélagsins né með tilliti til áhrifa á grunnvatn á aðliggjandi svæðum. Athygli er vakin á eftirfarandi í þessu sambandi.

Til grundvallar matsáætlun og frummatsskýrslu umsækjanda var lögð sú forsenda að vatnsból sveitarfélagsins yrði fært og vatnsvernd svæðisins aflétt áður en fyrirhuguð framkvæmd hæfist. Þessi grundvallarforsenda framkvæmdarinnar hefur ekki gengið eftir og gerði umsækjandi breytingar af því tilefni á matsskýrslu sinni. Ekki verður séð að matsskýrslan hafi verið auglýst að nýju af þessu tilefni í samræmi við 3. mgr. 11. gr. laga nr. 106/2000.

Í umsögnum umsagnaraðila voru gerðar verulegar athugasemdir við umfjöllun um grunnvatn í frummatsskýrslu. Ekki verður séð að brugðist hafi verið nægilega við þessum athugasemdum. Minnisblað 15. október 2020 sem umsækjandi aflaði af þessu tilefni frá ÍSOR einskorðast við umfjöllun um áhrif fyrirhugaðra byggingarframkvæmda á vatnsból sveitarfélagsins en tekur ekki afstöðu til víðtækari áhrifa starfseminnar, hvorki á vatnsbólið né á hlutaðeigandi grunnvatnshlot. Ekki er heldur að sjá að umrætt minnisblað hafi verið kynnt öðrum umsagnaraðilum en Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

Eins og mál þetta liggur fyrir samkvæmt framanröktu virðist skorta mjög á að umhverfisáhrif fyrirhugaðrar starfsemi á grunnvatn hafi verið nægilega metin. Fyrir liggur að grunnvatnsaðstæður á svæðinu eru óvenjulegar, þar sem tiltölulega þunnt lag af fersku vatni rennur ofan á fullsöltum jarðsjó, og að nýtingu grunnvatns við þessar aðstæður fylgi sú hættu að viðkvæmu jafnvægi sé raskað og saltur jarðsjór blandist við grunnvatnslinsuna og mengi hana, jafnvel til langs tíma. Þá liggur fyrir sú afstaða Orkustofnunar að umfjöllun umsækjanda um sjálfbærni fyrirhugaðrar vatnsnýtingar sé marklaus. Fyrirliggjandi gögn gefa þannig ekki til kynna að fullnægjandi upplýsingar um áhrif fyrirhugaðrar starfsemi á grunnvatn á svæðinu liggi fyrir. Þvert á móti benda fyrirliggjandi gögn málsins til þess að þessi áhrif hafi enn sem komið er ekki sætt nægilegri athugun og séu af þeim sökum háð óviðunandi óvissu.

Auk þess sem ófullnægjandi könnun á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar sem fyrirliggjandi umsókn lýtur að samrýmist ekki ákvæðum laga nr. 111/2021, sbr. áður laga nr. 106/2000, er með fyrirliggjandi matsskýrslu umsækjanda ekki lagður sá grundvöllur að mati Umhverfisstofnunar á grundvelli laga nr. 7/1998 sem nauðsynlegur er til að málið teljist nægilega upplýst að þessu leyti, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, en áhrif á m.a. grunnvatn eru ótvírátt meðal þeirra þátta sem stofnuninni ber að leggja mat á og taka afstöðu til á grundvelli fullnægjandi upplýsinga við veitingu starfsleyfis. Ekki verður sem fyrr segir séð að forsendur séu til þess, hvað varðar þann þátt umsóknarinnar sem lýtur að framleiðsluaukningu, eins og málið liggur fyrir á þessu stigi samkvæmt framanröktu.

Samantekt

Að mati umbjóðenda minna er afgreiðsla fyrirliggjandi umsóknar um starfsleyfi til samræmis við auglýsta tillögu ekki tímabær og ekki samrýmanleg ákvæðum laga nr. 7/1998, 111/2021 og stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eins og málið liggur fyrir á þessu stigi. Áður en umsóknin verður afgreidd og starfsleyfi gefið út er nauðsynlegt að mati umbjóðenda minna að lokið verði öflun annarra nauðsynlegra leyfa til starfseminnar og framkvæmdir á þeim grundvelli, að því marki sem þær verða heimilaðar. Þá er jafnframt nauðsynlegt, verði það ekki gert í tengslum við framangreindar leyfisveitingar og framkvæmdir, að fram fari frekara mat á áhrifum þessara framkvæmda og fyrirhugaðrar leyfisskyldrar starfsemi á grunnvatnsbúskap svæðisins, sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni umbjóðenda minna, sem eigenda verulegs landssvæðis sem hlutaðeigandi grunnvatnsstraumur rennur um.


Tekið skal fram í síðastgreindu sambandi að grunnvatn sem rennur um land umbjóðenda minna er takmörkuð auðlind. Við nýtingu hennar þarf að tryggja að nýtingin sé sjálfbær, að auðlindinni verði ekki spillt með mengun og að jafnræðis sé gætt. Fyrir liggur að umsækjandi nýtir nú þegar mjög verulegan hluta þess ferska grunnvatns sem unnt er að nýta úr landi umbjóðenda minna með sjálfbærum hætti. Fyrirhuguð stóraukin nýting af hans hálfu mun, auk umhverfisáhrifa, fyrirsjáanlega hafa í för með sér að möguleikar umbjóðenda minna til nýtingar á auðlindinni verða litlir sem engir og hefur því, án tillits til annars, bein áhrif á sérstaka og verulega hagsmuni þeirra. Enn meiri áhrif á hagsmuni umbjóðenda minna mun það hafa ef starfsemi umsækjanda, á grundvelli leyfis Umhverfisstofnunar, leiðir til þess að þessi auðlind spillist vegna mengunar eða ósjálfbærrar nýtingar.

Áskilnaður

Áskilinn er réttur til frekari athugasemda síðar, meðal annars í tilefni af öðrum athugasemdum og svörum umsækjanda.

MAGNA

F.h. ofangreindra eigenda Heiðarlands Vogajarða,


Flóki Ásgeirsson lögmaður